

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 17

2. árgangur

11.5.1995

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/17/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.568 - Edison-EDF/ISE).....	01
95/EES/17/02	Orðsending samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/35.280 - Sicasov.....	02
95/EES/17/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.573 - ING/Barings).....	02
95/EES/17/04	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 24. 4. til 28. 4. 1995.....	03
95/EES/17/05	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	04

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.568 - Edison-EDF/ISE)

95/EES/17/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Edison SpA og EDF International SA öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Ilva Servizi Energie Srl (ISE) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Edison: framleiðsla á raforku og leit, framleiðsla og dreifing á jarðgasi og hráolíu,
 - EDT International: eignarhaldsfélag sem fjárfestir í framleiðslu, flutningi og dreifingu á raforku utan Frakklands,
 - ISE: framleiðsla á raforku á Ítalíu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 115, 9. 5. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.568 - Edison-EDF/ISE, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Orðsending samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 95/EES/17/02
nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/35.280 - Sicasov**

Þann 26. október 1994 tilkynnti Société d'Intérêt Collectif Agricole des Sélectionneurs Obtenteurs de Variétés Végétales („Sicasov“) um staðlaða samninga - í gildi frá 1. janúar 1994 - um framleiðslu og sölu á fræi. Þeir koma í stað staðlaðra samninga sem áður voru tilkynntir⁽²⁾ af Caisse de Gestion des Licences Végétales („CGLV“) og Sicasov.

Framkvæmdastjórnin áformar að taka jákvæða afstöðu til tilkynntra samninga. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við sig innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 95, 19. 4. 1995, undir tilvísunarnúmeri IV/35.280 - Sicasov, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate for Restrictive Practices, Abuse of Dominant Positions and
other Distortions of Competition II
200 Rue de la Loi
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 95/EES/17/03
(Mál nr. IV/M.573 - ING/Barings)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 4. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13. 21. 2. 1962, bls. 204/62.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 6, 11. 1. 1990, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi 95/EES/17/04
ráðinu á tímabilinu 24. 4. til 28. 4. 1995**

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu jöldi
COM(95) 134	CB-CO-95-162-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um aðgerðaráætlun til meðallangs tíma (1995-1997) á sviði félagsmála	12.4.1995	24.4.1995	42
COM(95) 85	CB-CO-95-099-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um mat á tilhögun ákvarðanatöku CEPT/ERC (samtök póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu)	26.4.1995	26.4.1995	30
COM(95) 145	CB-CO-95-163-EN-C	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja ákvörðun nr. 1110/94/EB um fjórðu rammaáætlun um starfsemi Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1994 til 1998) í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu Tillaga að ákvörðun ráðsins um að samþykkja ákvörðun 94/268/KBE um rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og þjálfunar fyrir Kjarnorkubandalag Evrópu (1994 til 1998) í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu	12.4.1995	26.4.1995	15
COM(95) 107	CB-CO-95-128-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 92/50/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, tilskipun 93/36/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup og tilskipun 93/37/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti	29.3.1995	27.4.1995	106
COM(95) 142	CB-CO-95-159-EN-C	XXIV. skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um stefnu í samkeppnismálum - 1994	28.4.1995	28.4.1995	712
COM(95) 612	CB-CO-95-006-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um gæði drykkjarvatns	4.1.1995	28.4.1995	84

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**95/EES/17/05**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0070-F	SP-DGPT-ATAS-27, desemberútgáfa 1994: tæknireglur um notendafjarskiptabúnað sem er ætlaður fyrir einkafjarskiptakerfið samkvæmt staðli DCS 1800	8.6.1995
95-0071-A	Lög um breytingu á byggingarreglugerðum fyrir Vínarborg og lögum um skolpveitukerfi og tengingargjöld (endurskoðuð útgáfa frá 1995 á byggingarreglugerðum)	9.6.1995
95-0072-UK	Reglugerðir (breyting) frá 1995 um umferðarmerki (Norður-Írland)	14.6.1995
95-0073-F	Drög að úrskurði um breytingu á úrskurði nr. 84-810 frá 30. ágúst 1984 um öryggi á sjó, aðbúnað um borð í skipum og mengunarvarnir	9.6.1995
95-0074-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 211 ZV 028-28 fyrir stafrænan radiótengibúnað í fastasambandaþjónustunni á tíðnisviðinu 28 GHz	14.6.1995
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.